Knattspyrnufélagið
# HAUKAR
Stofnað 12. apríl 1931



# ÁRSSKÝRSLA 2024

# EFNISYFIRLIT


**A.** INNGANGUR . . . . . 3

**B.** AÐALSTJÓRN HAUKA — AÐALFUNDUR . . . . . 3

**C.** STARFSNEFNDIR . . . . . 4

**D.** ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2024 . . . . . 4

**E.** LEIKJASKÓLI BARNANNA. . . . . 6

**F.** AFREKSSKÓLI HAUKA . . . . . 6

**G.** LÁVARÐARNIR — ÖKUMENN HAUKA . . . . . 7

**H.** VIÐURKENNINGAHÁTÍÐ HAUKA . . . . . 7

**I.** FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM . . . . . 8

**J.** MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA. . . . . 9

**K.** HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN . . . . . 9

**M.** ALMENNINGSÍÞRÓTTADEILD— SKOKKHÓPUR . . . . . 9

**N.** SKÁK. . . . . 10

**O.** KNATTSPYRNUDEILD. . . . . 11

**P.** KÖRFUKNATTLEIKSDEILD . . . . . 12

**Q.** HANDKNATTLEIKSDEILD . . . . . 14

**R.** KARATEDEILD . . . . . 16

**S.** GOLF . . . . . 16

**T.** VEIÐI. . . . . 17

**U.** GETRAUNALEIKUR . . . . . 17

**V.** REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF . . . . . 18

**X.** ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR — ÍBH . . . . . 18

**Y.** LOKAORÐ — FÉLAGIÐ OKKAR. . . . . 25

**FYLGISKJAL 1** ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA 2024 . . . . . 27

**FYLGISKJAL 2** ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2024. . . . . 37

**FYLGISKJAL 3** AÐALSTJÓRN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2024 . . . . . 47

**KNATTHÚS HAUKA** FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA . . . . . 57

# A. INNGANGUR

Við erum stolt af félaginu okkar, íþróttafólkinu, sjálfboðaliðum, starfsfólki okkar, félagsmönnum og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið í gegnum árin. Félagið okkar, Knattspyrnufélagið Haukar, fagnaði 93 ára afmæli þann 12. apríl 2024. Margs er að minnast og margt ber að þakka. Okkur er líka hollt að muna að í dag búum við að aðstæðum sem engum í árdaga hefði órað fyrir að yrði einhvern tímann að veruleika. Glæsileg íþróttamannvirki, grasvellir, gervigrasvellir, handbolta- og körfuboltasalir, upphitað knatthús og fleira mætti telja til þegar við horfum til okkar glæsilegu aðstöðu hér á Ásvöllum. Góður árangur og góð aðstaða til íþróttaiðkunar fara gjarnan saman, en þó skiptir þar kannski mestu máli að þeir sem leitt hafa félagið í áratugi hafa verið ötulir að berjast fyrir betri aðstöðu fyrir íþróttafólkið okkar. Þar skiptir samstaða og samheldni allra þeirra sem koma að félaginu mestu máli. Án hvatningar, elju og óbilandi trúar á verkefnin náum við ekki árangri.

Við höfum líka stöðugt unnið að umhverfisbótum á svæði félagsins og við leggjum mikið upp úr því að aðgengi að íþróttasvæðum félagsins, frá nærliggjandi hverfum, sé til fyrirmyndar. Við státum af frábæru íþróttafólki og ánægjulegt er að fylgjast með þeim hundruðum ungmenna sem hér koma daglega til íþróttaiðkunar og samveru. Á árinu veittum við viðurkenningar til fjölmargra sem af eljusemi hafa stundað sína íþrótt og náð þar góðum árangri. Á viðurkenningahátíð Hauka sem haldin er ár hvert á Gamlársdag var Elín Klara Þorkelsdóttir, handboltakona, valin íþróttakona Hauka og Gunnlaugur Sigurðsson, karate, valinn íþróttamaður Hauka. Þá var Gunnlaugur Sigurðsson einnig valinn þjálfari ársins. Íþróttafólkið okkar náði góðum árangri á árinu meðal þeirra bestu og áfram er haldið í þeirri viðleitni að vera ávallt í fremstu röð íslenskra íþróttafélaga.

Að vera fyrirmynd þýðir að sýna gott fordæmi, vera heiðarlegur, heilsteyptur og hafa í huga hvað er best fyrir aðra. Það snýst ekki eingöngu um persónulegan árangur heldur líka um að lyfta öðrum upp, styðja vini, virða samfélagið og vinna að sameiginlegum markmiðum. Íþróttafólkið okkar sem var valið á glæsilegri viðurkenningarhátíð á Gamlársdag eru meðal þeirra sem eru okkar fyrirmyndir. Höfum að leiðarljósi helstu markmið okkar Haukanna þar sem mannrækt, kærleikur og virðing í leik og starfi eru einkunnarorð sem lifað hafa með félaginu í rúm 90 ár. Með þau markmið að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til að bæta og styrkja unga sem aldna til heilbrigðara lífs, samfélaginu til heilla.

Knattspyrnufélagið Haukar gegnir æ stærra hlutverki í okkar góða samfélagi og það er sannarlega ánægjulegt að finna þar góðan stuðning við starf félagsins.

Í þessari árskýrslu er farið yfir helstu atriði í starfi Knattspyrnufélagsins Hauka og þar má sjá að félagið stendur styrkum fótum, með öflugt íþróttastarf, frábært stuðningsfólk, sjálfboðaliða og starfsfólk.

Gerum gott starf Knattspyrnufélagsins Hauka enn betra!

**ÁFRAM HAUKAR**

# B. AÐALSTJÓRN HAUKA — AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins var haldinn miðvikudaginn 16. maí 2024 í Samkomusalnum. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Bjarni H. Geisson. Fundurinn fór hið besta fram og var mæting með ágætum.

**Stjórn félagsins er skipuð eftirtöldum:**
**Með kosningu:** Magnús Gunnarsson formaður, Valgerður Sigurðardóttir varaformaður, Guðborg Halldórsdóttir gjaldkeri.

**Tilnefnd af deildum:**
**Frá handbolta:** Andri Már Ólafsson og Elva Guðmundsdóttir.
**Frá fótbolta:** Halldór Jón Garðarsson og Oddný Sófusdóttir.
**Frá körfu:** Brynjar Örn Steingrímsson og Baldur Óli Sigurðsson.
**Frá karate:** Kristján Ó. Davíðsson.

**Frá almenningsíþróttadeild:** Eiríkur Svanur Sigfússon.
**Frá félagsráði:** Bjarni H. Geirsson.
**Skoðunarmenn ársreiknings:** Ása Karen Hólm og Viðar Jónsson.

Stjórnin hélt 9 fundi á árinu. **Framkvæmdastjóri félagsins** er Magnús Gunnarsson.

## C. STARFSNEFNDIR

Eftirtaldar nefndir voru starfandi á árinu:
**Minningar- og styrktarsjóður Hauka:** Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.
**Orðunefnd:** Bjarni H. Geirsson, Guðborg Halldórsdóttir og Ingimar Haraldsson.
**Starfsnefnd um byggingu knatthúss:** Magnús Gunnarsson og Halldór Jón Garðarsson.
**Fulltrúi í stjórn ÍBH:** Magnús Gunnarsson.
**Fulltrúi í stjórn afrekssjóðs ÍBH:** Magnús Gunnarsson.

## D. ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2024

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin 18 talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Emil Barja sá um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Í júní og ágúst var boðið upp á knattspyrnu-, handbolta-, og körfuboltaskóla. Þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var uppá í allt sumar fyrir hádegi, eftir hádegi var leikjaskólinn í boði.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu.

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum lítillega, hálf vika hækkaði úr kr. 6.500 í kr. 7.000 og heill dagur með hádegismat úr kr. 16.500 í kr. 18.000.

Stjórnandi knattspyrnuskólans var Ragnheiður Þórunn Jónsdóttir. Yfir körfuboltaskólanum var Gunnar Sverrisson. Yfir handboltaskólanum var Aron Rafn Eðvarðsson. Í fjölgreinaskólanum var ákveðið að fara í smá tilraunastarfsemi þetta sumar, sú tilraun gekk út á það að leyfa yngra starfsfólkinu í íþróttaskólanum frá 16–20 ára að skiptast á að stjórna fjölgreinanámskeiðinu ásamt fullorðnum leiðbeinanda sem fylgdist með. Tilraunin gekk virkilega vel og var gaman að sjá nýjar hugmyndir og leiki sem héldu námskeiðinu fersku í allt sumar. Einnig var þetta gríðarlega mikilvæg reynsla sem þessir unglingar fengu í stjórnun og skipulagi.

Allir þeir einstaklingar sem komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

### ÍÞRÓTTASKÓLINN SKIPTIST Í ÞRJÁ HLUTA

**1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 6–16 ára**
**2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum**
**3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar**

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttaþjálfun fyrir börn á aldrinum 6–12 ára, en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki væri síður mikilvægt fyrir okkur að hlúa vel að unga fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglingunum í 8.–10. bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðin 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.–10. sumri hjá

okkur. Með þessu erum við að þjálfa upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt en að félagið ali af sér afreksfólk.

## NÁMSKEIÐIN

Við buðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00–09:00 alla daga en annars var dagskráin eftirfarandi:

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnana til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðinn fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

| | |
|---|---|
| 09:00–10:15 : Prógramm 1 | 10:15–10:45 : Nesti |
| 10:45–12:00 : Prógramm 2 | 12:00–13:00 : Hádegismatur |
| 13:00–14:15 : Prógramm 3 | 14:15–14:45 : Nesti |
| 14:45–16:00 : Prógramm 4 | |

## YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sýna metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar:

**Umsjón með íþróttaskóla Hauka 6–16 ára**
Fjölgreinaskóli
Leikjaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Æfingar seinni partinn fyrir 12–16 ára
**Gras sláttur**
Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Meðfram vallarhúsi
Áhorfendastæði
**Beðahreinsun**
Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús
Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
**Verk í aðalhúsi**
Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði
Móttaka
Tiltekt í áhaldageymslunni
Þrif á harpix af rimlum og mörkum
**Vallarhús**
Þrif á salernum, sturtum, klefum og móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni
**Útisvæði**
Þrif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Þrif á bílastæði

## SAMANTEKT

Eftir 18 sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi sem hentar öllum, hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öfluga starfi sem Haukarnir bjóða upp á eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, með góðu utanumhaldi. Við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fóru ánægð út eftir sumarið. Það sama er að segja um starfsfólkið en mikill fjöldi sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju

sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemi og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best, fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki sýndu lágmarks frammistöðu.

**Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.**

**ÁFRAM HAUKAR**

**IÐKENDATÖLUR SUMARÍÞRÓTTASKÓLA HAUKA 2024**

| NÁMSKEIÐ | FJÖLDI |
|---|---|
| Fjölgreinaskóli | 145 |
| Leikjaskóli | 122 |
| Körfuboltaskóli | 160 |
| Knattspyrnuskóli | 158 |
| Handboltaskóli | 121 |
| Samtals | 706 |

ÚR ÁRSSKÝRSLU SUMARSKÓLANS

## E. LEIKJASKÓLI BARNANNA

Leikjaskóli barnanna er fyrir þessi yngstu, eða þau sem eru 2–5 ára (2018–2022) og eru öll börn, nær og fjær, hjartanlega velkomin til okkar!

Leikjaskóli barnanna byrjar aftur eftir jólafrí, laugardaginn 13. janúar 2024. Leikjaskólinn verður með sama sniði og áður á laugardagsmorgnum kl. 09:00–09:50, en börnunum verður skipt upp eftir aldri. Kennsla fer fram á laugardögum kl. 09:00–09:50 í handboltasal og Ólafssal á Ásvöllum.

Markmið leikjaskólans er að kynna fyrir iðkendum íþróttasalinn og áhöldin sem þar eru. Þá er farið í grunn hinna ýmsu greina ásamt grunnhreyfingum barna. Mikil áhersla er lögð á að iðkendur fái að *njóta sín í faðmi forráðamanna* sem eru með þeim allan tímann *til halds og trausts*. Börnin fá hér samverutíma í íþróttasölunum með forráðamönnum og undirbúningur fyrir skólavist er þá hafin.

Verð á vorönn er kr. 15.000. Skráning fer fram á Sportabler.

Þjálfarar leikjaskólans eru **Albert Magnússon** og **Alexandra Hödd Harðardóttir**, en þau eru okkur að góðu kunn og hafa þjálfað hjá félaginu í mörg ár. Með þeim eru einnig aðstoðarþjálfarar. Fjöldi iðkenda á liðinni vorönn var 140 auk þess sem foreldrar, forráðamenn og systkini fylgja gjarnan með iðkendum

Sjáumst hress í Leikjaskólanum og munum að hafa gaman og njóta samverunnar saman!

## F. AFREKSSKÓLI HAUKA

Afrekslína Hauka skiptist sem fyrr í Afreksskóla Hauka, fyrir 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna og Afrekssvið Flensborgarskólans. Vel á annað hundrað iðkenda voru skráðir á Afrekslínu Hauka árið 2022. Afreksskólinn fékk bóklega fræðslu um meiðslaforvarnir, næringu, svefn, afrekshugarfar, sjálfstraust, markmiðasetningu, sögu Hauka og ýmislegt fleira. Að auki mættu nemendur Afrekslínunnar vikulega á styrktaræfingar sem og tækniæfingar í sinni grein. Fjölmargir kennarar og þjálfarar komu að afreksskólanum og kappkostað var að fá sérfræðinga á sínu sviði til að fræða iðkendur.

## G. LÁVARÐARNIR — ÖKUMENN HAUKA

Haukar hafa löngum státað af öflugum sjálfboðaliðum sem hafa lagt fram ómælda vinnu fyrir félagið sitt. Fyrir nokkrum árum bættist í hóp sjálfboðaliðanna afar öflugur hópur heldri manna sem við völdum að kalla lávarða. Þótti auðvitað sjálfsagt að deild þessara höfðingja bæri nafnið Lávarðadeild Hauka. Hlutverk félaga í Lávarðadeildinni er að flytja bíla fyrir Bílaleiguna Höldur




og njóta Haukar góðs af vinnu þeirra. Stöðugt fjölgar þeim ferðamönnum sem til landsins koma og því hefur verið nóg að gera í bílaflutningum á undanförnum misserum. Lávarðarnir hafa því mætt ófáa morgna hér á Ásvöllum kl. 8 árdegis og flutt bíla milli svæða sem aldrei fyrr. Ef einhver hefur áhuga á að komast í þennan góða hóp og leggja sitt af mörkum fyrir Hauka þá er um að gera að hafa samband við Magga Gunn í síma 665-8910 og skrá sig í hópinn.

## H. VIÐURKENNINGAHÁTÍÐ HAUKA

Í hádeginu á Gamlársdag komu Haukar saman að venju til að heiðra sitt besta íþróttafólk. Fjölmenni var á hátíðinni sem formaður félagsins, Magnús Gunnarsson, stjórnaði.

**EFTIRTALIN VORU TILNEFND:**

**Íþróttakona Hauka 2024**
Hildur Aðalsteinsdóttir, skokkhópur
Áróra Eyberg Valdimarsdóttir, karate
Elín Klara Þorkelsdóttir, handbolta
Elín Björg Norðfjörð Símonardóttir, fótbolta
Þóra Kristín Jónsdóttir, körfubolta

**Íþróttamaður Hauka 2024**
Sigtryggur Brynjarsson, skokkhópur
Gunnlaugur Sigurðsson, karate
Össur Haraldsson, handbolta
Ísak Jónsson, fótbolta
Everage Richardson, körfubolta

**Þjálfari ársins 2024**
Gunnlaugur Sigurðsson, karate
Stefán Arnarson og Díana Guðjónsdóttir, handbolta
Hörður Bjarnar Hallmarsson, fótbolta
Emil Barja, körfubolta

**Íþróttakona Hauka 2024:** Elín Klara Þorkelsdóttir.
**Íþróttamaður Hauka 2024:** Gunnlaugur Sigurðsson.
**Þjálfari ársins 2024:** Gunnlaugur Sigurðsson.

Á viðurkenningahátíð Hauka á Gamlársdag var Tristan Nas Alguno Openia valinn skákpiltur Hauka 2024 og Katrín Ósk Tómasdóttir valin skákstúlka Hauka 2024, auk þess sem þau fengu viðurkenningu frá Hafnarfjarðarbæ fyrir að standa uppi sem Íslandsmeistarar í skák í sínum aldursflokkum.

Um 100 einstaklingar sem tóku þátt í verkefnum á vegum sérsambandanna, HSÍ, KSÍ og KKÍ, fengu viðurkenningu frá félaginu.

Ágætri samkomu lauk með léttum veitingum í boði aðalstjórnar.

# I. FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM

## KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM

Á undanförum árum höfum við í ársskýrslu félagsins farið í ítarlegu máli um aðdraganda uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum. Þar er hönnunarferli knatthússins lýst, deiliskipulagsvinnu á svæðinu á undanförnum árum og kröfu um að knatthúsið færi í mat á umhverfisáhrifum. Undirbúningsnefnd og framkvæmdanefnd voru skipaðar og fjármögnun af hálfu Hafnarfjarðarbæjar tryggð. Að loknum góðum og vönduðum undirbúningi var framkvæmdin boðin út og samið var við lægstbjóðanda ÍAV um byggingu knatthússins. Samningur við ÍAV var síðan undirritaður þann 29. nóvember 2022. Hér er stiklað á stóru, en þann 14. febrúar 2025 var húsið formlega vígt og tekið í notkun. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í að ljúka innanhússfrágangi í þjónustubyggingu sem og kaup á stúkusætum innan tíðar.

**Aftast í skýrslunni má sjá yfirlit um byggingu knatthússins frá hugmynd að veruleika.**



## GÖNGUSTÍGUR MILLI KEPPNIS- OG ÆFINGAVALLA

Samhliða gerð nýs grasvallar og hliðrun jarðvegs var unnið að tengingu göngustígs við göngustíg við Grísanes. Grísanesstígur er nú upplýstur og malbikaður. Með samtengingu stíganna er sköpuð góð aðstaða fyrir gangandi, hjólandi, og þá sem nota hjólastóla, við stígakerfi bæjarins. Gert er ráð fyrir að göngustígurinn frá brú að Vallarhúsi verði malbikaður í sumarbyrjun 2025, en þegar hefur ljósastaurum verið komið fyrir við stíginn.



## UMHVERFISBÆTUR VIÐ ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ OG GIRÐING UMHVERFIS KEPPNISVÖLL

Lengi hefur verið óskað eftir lóðarfrágangi við austur inngang í Íþróttamiðstöð, en þar utan við er ófrágengið svæði, gljúpur jarðvegur sem hefur valdið vandræðum að vetri og vori þegar rútur flytja skólabörn í íþróttir til okkar að Ásvöllum. Í vetur var unnið að upptekt á svæðinu, skipt um jarðefni, sléttað og valtað. Er aðstaða orðin allt önnur og betri á svæðinu, en við væntum þess að endanlega verði gengið frá svæðinu á árinu 2026, það malbikað og hellulagt, miðað við teikningar sem þegar liggja fyrir. Á árunum 2022, 2023 og 2024 var unnið við að girða af keppnisvelli félagsins og ganga frá lagningu göngustígs frá Íþróttamiðstöð að vallarsvæði. Er það mikið fagnaðarefni að loksins verður hægt að stýra flæði inn á aðalkeppinsvöll félagsins. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði að fullu lokið í sumarbyrjun 2025.

**VIÐHALDSVERKEFNI, LEKI Í HÚSNÆÐI OG LOFTRÆSTIKERFI**
Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum. Áfram var unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið viðvarandi vandamál. Nú virðist sem takist hafi að mestu að koma í veg fyrir leka í húsakynnum og er óskandi að þær lagfæringar sem þar voru gerðar dugi til frambúðar.

**ÞAKKIR TIL BÆJARFULLTRÚA, STJÓRNENDA OG STARFSFÓLKS HAFNARFJARÐARBÆJAR**
Allt sem hér er upp talið varðandi framkvæmdir á Ásvöllum hefur verið unnið í góðu samstarfi og samvinnu við bæjaryfirvöld. Þar hefur framsýni og vilji til góðra verka verið einkennandi sem birtist í frábærri aðstöðu hér á Ásvöllum. Það er ekki sjálfgefið að bæjarfulltrúar, stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar, rói í sömu átt varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við viljum því af einlægni þakka stjórnendum og starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar fyrir afar ánægjuleg samskipti á árinu 2024.

## J. MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995.Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög einstaklinga og stuðningsaðila.

**Stjórn sjóðsins á liðnu starfsári skipuðu:** Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.

Enginn styrkur var veittur á árinu.

## K. HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN

Haukar i horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Hann var stofnaður 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 350 og greiða þeir mánaðarlegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

**Helstu markmið Hauka í horni eru:**
Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka — virkja Haukahjartað
Að styðja félagið í blíðu og stríðu
Að halda úti öflugum meistaraflokkum
Að vera leiðandi í öflugu innra starfi

## M. ALMENNINGSÍÞRÓTTADEILD— SKOKKHÓPUR

Ný stjórn var kjörinn á aðalfundi sem haldin var í febrúar 2024. Í fyrri stjórn voru Álfheiður og Gestur og héldu áfram. Ný í stjórn eru Erla Skaftadóttir og Sigtryggur Brynjarsson. Enginn formaður var kosinn þar sem enginn gaf kost á sér og fékk stjórnin fullt umboð til að finna formann. Langan tíma tók stjórn að skipta með sér verkum og þökkum við Ingveldi fyrir að vera gjaldkeri mun lengur en við gerðum ráð fyrir. Bestu þakkir. Elísabet Birgisdóttir tók við gjaldkerastarfinu og kom því inn í stjórnina. Sigtryggur var settur formaður, Álfheiður ritari, Erla og Gestur meðstjórnendur.

**Hvítasunnunefnd:** Hildur, Hreiðar, Stefán, Ingi Páll og Unnur Míla.
**Ferðanefnd:** Díana, María, Guðrún Ásta og Ragnar Ingi.

**Nýliðanámskeið:** Linda þjálfari og Ellert aðstoðaði ásamt Hreiðari, Hildi og félögum. Góð þátttaka var á námskeiðinu og gekk það vel, stór hópur af nýliðum hefur haldið áfram og tekið þátt í hlaupum og margir sigrar unnist. Til hamingju með það.

**Hvítasunnuhlaupið:** Seldir miðar 460stk, almenn ánægja eins og alltaf. Takk allir.

Styrkir voru veittir til Hauka og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

### STIKLAÐ Á STÓRU

Eysteinn Hafberg varð Íslandsmeistari í Víðavangshlaupi ÍR. Hann er sá fyrsti sem Skokkhópur Hauka eignast. Skokkhópur Hauka átti þátttakendur í mörgum hlaupum og voru unnir margir sigrar og mörg persónuleg met sett. Til hamingju með það öll. Til dæmis tókum við þátt í eftirfarandi hlaupum: Powerade, FH/66 mótaröðinni, Mottumarshlaupinu, Akrafjall Ultra, Hafnarfjarðarhlaupinu, Hengli Ultra, Bláskógarhlaupinu, Esju Ultra, Miðnæturhlaupinu, Snæfellsjökulshlaupinu, Laugaveginum, Reykjavíkurmaraþoninu, Bakgarðinum og einnig áttum við keppendur á erlendri grundu.

Hópur félaga tók þátt í Óslóar maraþoni.

Nokkrir félagar tóku þátt í Hannover maraþoni í Þýskalandi og Hildur tók þátt í UTMB hlaupi í Nice í Frakklandi.

Farið var í Landmannalaugar. Góð ferð. Uppselt var í ferðina.

Grillpartý var haldið í skátaskálanum.

Ferðanefnd kynnti ferð til Ljubliana í október 2025.

Árshátíð var haldin í Haukahúsinu í október. Tókst hún mjög vel og var mikið stuð.

Kirkjuhlaupið var haldið annan dag jóla, góð mæting var eða um 120 manns, hlaðborðið svignaði undan veitingum. Vel gert hjá okkur. Bestu þakkir til allra.

Búningaæfing var haldin á síðasta degi ársins, flottir búningar litu dagsins ljós og var frænka allsráðandi. Fæði, klæði og húsnæði.

Skokkhópurinn átti fulltrúa á uppskeruhátíð Hauka um áramótin. Það voru þau Hildur Aðalsteinsdóttir og Sigtryggur Brynjarsson, en þau hlupu bæði sín fyrstu 100 mílna hlaup á árinu, fyrst félaga í hópnum.

Óskum við öllum innilega til hamingju með sína sigra.

ÚR ÁRSSKÝRSLU SKOKKHÓPS

## N. SKÁK

Kennarar skákdeildar eru Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Hilmir Freyr Heimisson, Þorsteinn Jakob Freyr Þorsteinsson og til aðstoðar þeir Jón Elías Óskarsson og Adam Elchacer.

Á stúlkna og drengjameistaramóti Reykjavíkur 2024 vann Tristan Nas Alguno Openia silfur í flokki 2011 og Katrín gull í stúlknaflokki 2014–2015. Tristan vann Bikarsyrpu TR í maí örugglega, með 6.5 stig af 7. mögulegum. Katrín Ósk Tómasdóttir var valin til að keppa fyrir Ísland á Evrópukeppni barna og unglinga í Prag. Tristan og Katrín unnu sína aldursflokka í Kjördæmamótinu, Kraganum, í skólaskák og unnu sér þar með rétt til að keppa á Landsmótinu í skólaskák 2024. Skólaskákmeistarar Kragans. Tristan varð Íslandsmeistari U14 Katrín Ósk varð Íslandsmeistari stúlkna U10. Þau voru síðan valin til að keppa fyrir Ísland í landskeppni í skák sem fram fór í marsmánuði 2025 á Englandi. Á viðurkenningahátíð Hauka á Gamlársdag var Tristan valinn skákpiltur Hauka og Katrín Ósk valin skákstúlka Hauka, auk þess sem þau fengu viðurkenningu frá Hafnarfjarðarbæ fyrir að standa uppi sem Íslandsmeistarar í skák í sínum aldursflokkum.

Það er því óhætt að segja að við séum með öfluga iðkendur í skákinni, en áhugi og þátttaka barna og unglinga hefur stöðugt verið að vaxa. Æft er á þriðjudögum og fimmtudögum á Ásvöllum.

ÚR ÁRSSKÝRSLU SKÁKDEILDAR

# O. KNATTSPYRNUDEILD

Frá árinu 2024 stendur hæst upprisa meistaraflokks kvenna þar sem okkar lið var einfaldlega langbest í 2. deildinni og lyfti að lokum deildarmeistaratitlinum! Stórbrotin frammistaða sumarsins skilaði stelpunum 53 stigum þ.e. sautján sigrum, 2 jafnteflum og aðeins einu tapi með minnsta mögulega mun og 62 mörk í plús. Framúrskarandi framganga hjá frábæru liði með bikar í mótslok að Ásvöllum!

Meistaraflokkur karla átti frekar brokkgengt sumar þar sem undirbúningurinn gekk reyndar feikilega vel sem og byrjun mótsins en feilnóturnar reyndust þungar. Síðar kom meiri taktur en ekki gekk þó nægilega vel að finna þrautseigan sigurtaktinn. Engu að síður mjög flott lið sem heldur áfram sinni vegferð og uppbyggingu núna árið 2025. Við treystum uppbyggingarferlinu og styðjum áfram við okkar góðu stráka. Lið sem er á uppleið!



*Meistaraflokkur kvenna 2024: Sigurvegarar 2. deildar.*

Í barna- og unglingastarfinu gekk starfið með ágætum og fjölmargir iðkendur tóku þátt í æfinga- og landsliðsverkefnum á árinu líkt og undanfarin ár. Haukar sóttu öll helstu sumarmót landsins og áttu þar sína glæsilegu fulltrúa. Þá er vert að geta þess að fjölmargir ungir leikmenn, stelpur og strákar, fengu meistaraflokksleiki. Óhætt er að fullyrða að það hafi verið með hærra hlutfalli en gengur og gerist. Rétt er þó að benda á að við megum aldrei missa sjónar af því að við erum í liðsíþrótt þar sem liðið er númer 1, 2 og 3 og leikmaðurinn einn hlekkur í stórri keðju, stóru liði. Þjálfarinn þjálfar nefnilega lið en ekki einstakling. Sem foreldrar og forráðamenn styðjum við lið en ekki einstaklinga jafnvel þó við elskum börnin okkar. Knattspyrna er liðsíþrótt þar sem liðið er allt og liðsandinn skiptir öllu!

Samfélagsábyrgð er hverju samfélagi gríðarlega mikilvæg og við í knattspyrnudeild Hauka veljum að taka þátt í slíku. Heimavöllurinn okkar að Ásvöllum fékk nýtt nafn á árinu 2024 og heitir nú BiRTU-völlurinn. Er þetta tilkomið með góðu og kærleiksríku samstarfi við BiRTU - landssamtök sem er félag foreldra og forráðamanna sem misst hafa börn eða ungmenni skyndilega. Stutt er síðan afar sorglegt slys átti sér stað við Ásvelli og því viljum við í knattspyrnudeildinni tengja okkur við BiRTU landssamtök og höldum þar með kyndli BiRTU hátt á lofti. Stuðlum þannig að samfélagslegri ábyrgð og kynnum gott starf BiRTU inn á við og út á við. Við erum Haukar og við spilum á BiRTU-vellinum.

Dusan Ivkovic tók á haustmánuðum við starfi yfirþjálfara knattspyrnudeildar Hauka eftir að Andri Hjörvar Albertsson lét af störfum. Dusan sem er einnig aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla hefur breiða og mikla reynslu og hefur þegar í stað mikið látið til sín taka. Nýir vendir sópa best en vissulega er þetta allt saman langtíma verkefni þar sem dropinn holar steininn. Umfram allt þá er mikilvægast að taka skref í rétta átt, minni sem stærri. Áfram verður að tryggja góðan rekstur

og þar megum við aldrei missa sjónar heldur halda mjög fast um stýrið og halda áfram að byggja ofan á það sem vel hefur verið gert undanfarin ár; **ábyrgð, festa og fagleiki!**

Ekki verður hjá því komist að nefna hve hreint magnað var að sjá Knatthús Hauka rísa stig af stigi og sem loks var síðan vígt í ársbyrjun 2025. Munum við víkja betur að því síðar í sögu Hauka og um ókomna tíð en ljóst má vera að um byltingu er að ræða í starfi knattspyrnudeildar Hauka. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að stúkan komi í Knatthúsið ásamt klefum og allri tengdri aðstöðu. Aðstaðan til knattspyrnuiðkunar á Ásvöllum er öll að verða til mikillar fyrirmyndar; Knatthús, gervigrasvöllur og grasvellir. Sannarlega íslensk topp knattspyrnuaðstaða. Alveg hreint stórfenglegt!

Knattspyrnudeildin stóð fyrir fjölmörgum viðburðum þar sem helst ber að nefna Þorrablót Hafnarfjarðar í frábæru samstarfi við handboltann og körfuboltann. Sérlega vel lukkað! Þá var *Framtíðarmót* knattspyrnudeildar Hauka, mót fyrir börnin þ.e. framtíðina og mót til framtíðar. haldið í rjómablíðu í byrjun marsmánaðar. Ljóst má vera að *Framtíðarmótið 2025* verður haldið í knatthúsinu, ef ekki bæði inni og úti. Fyrir Íslandsmót meistaraflokkanna var frábær viðburður haldinn þ.e. liðs- og leikmannakynningarkvöld og góðir gestir komu t.d. hinn eini sanni Óli Jó.

Viðburðir fyrir Hauka í horni í aðdraganda deildarleikja meistaraflokks karla og kvenna voru haldnir sem studdu vel við stemninguna fyrir leikina. Uppskeruhátíð meistaraflokkanna var vel lukkuð og mikil gleði. Þá var Herrakvöld Hauka haldið með öðrum deildum og vel látið af því. Mjög mikilvægt er að hlúa vel að öllum viðburðum líkt og þeim fyrrgreindu, auðvitað líka fjölga þeim og þannig eflist andinn í starfinu. Fátt er starfinu mikilvægara en góð stemning og góður andi! Áfram var unnið með gildin góðu í öllu okkar starfi; **þrautseigja – liðsheild – hugrekki – gleði.** Mjög mikilvægt er að við öll í knattspyrnudeild þekkjum þau góðu gildi og tileinkum okkur þau í öllu okkar góða starfi. Með gildin góðu hugföst í okkar metnaðarfulla starfi í okkar fyrirmyndar aðstöðu ásamt festu í okkar rekstri mun árangurinn án nokkurs vafa skila sér. Það er þess vegna sem okkur er óhætt að segja að framtíðin hjá okkur á Ásvöllum sé mjög björt!

Þegar horft er um öxl kemur upp vangaveltan: Hvaða þættir móta lið? Svarið er auðvitað markþætt en lið hlýtur m.a. að hafa sömu gildin, bæði þau sýnilegu og ósýnilegu, að virðing sé gagnkvæm innan liðs sem og milli liðs og þjálfarateymis. Liðið temji sér hugrekki, vinnusemi, þrautseigju, aga og úthald svo fátt sé nefnt. Þá er það liðinu ófrávíkjanlegt að njóta sín, finna gleðina og hafa gaman af verkefninu og vinna sem ein heild. Svona má auðvitað lengi halda áfram en það er alltaf gott og nauðsynlegt að spyrja sig hvað gerir lið að liði? Það er jú liðið sem sigrar en ekki einstaklingarnir jafnvel þó þeir skori mörkin. Liðið vinnur leikina og mótið og lyftir svo bikar hafi það unnið saman sem ein heild, eitt lið, sem Haukar! Þess vegna er alltaf gott að minna sig á og spyrja sig; hvort ætli sé stærra ég eða liðið?

Að lokum er það mikilvægi þess að horfa til langs tíma jafnvel þó við viljum skjótfengan árangur. Allra mikilvægast er að njóta vegferðarinnar þó hún taki tíma, að njóta ferðalagsins. Það er vegferðin sem mótar okkur og leiðirnar okkar að gleðinni, sem svo saman loks skila okkur árangri hafi rétt verið staðið að málum. Að minnsta kosti eykur það líkurnar. Hér gildir að stilla miðið rétt, þekkja leiðina, skilja sýnina og hafi gildin góðu ávallt hugföst; **þrautseigja – liðsheild – hugrekki – gleði.** Með þetta allt í farteskinu þurfum við ekki að hafa áhyggjur af Haukum og okkar liðum heldur fyrst og síðast að styðja við okkar góða starf m.a. með orðunum áfram Haukar!

**Við erum knattspyrnudeild Hauka, við erum lögð af stað!**

**ÁFRAM HAUKAR**

ÚR ÁRSSKÝRSLU KNATTSPYRNUDEILDAR

## P. KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Öflugt ár er að baki þar sem mikið var um að vera eins og vera ber. Nokkuð var um þjálfarabreytingar á meistaraflokkum félagsins á liðnu ári. Bjarni Magnússon, þjálfari mfl. kvk., þurfti að stíga frá vegna heilsubrests í janúar. Við liðinu tók Ingvar Guðjónsson, sem hafði áður verið aðstoðarþjálfari

# ÍSLANDSMEISTARAR 2025






liðsins. Einnig kom Emil Barja inn í þjálfarateymið þegar Bjarni þurfti frá að hverfa og studdi hann við Ingvar. Kláruðu þeir tímabilið þar sem liðið fór í úrslitakeppnina en datt út fyrir Stjörnunni í oddaleik. Að loknu tímabili hætti Ingvar með liðið. Félagið kveður öfluga þjálfara sem hafa þjálfað hjá félaginu á annan áratug í þeim Bjarna og Ingvari. Að loknu tímabili var Emil Barja ráðinn þjálfari mfl. kvenna. Liðið var einnig styrkt með öflugum leikmönnum. Eva Margrét Kristjánsdóttir kom aftur til landsins og gekk til liðs við félagið. Ásamt henni kom Lore Devos frá Þór Akureyri til liðsins en hún var valin besti erlendi leikmaður úrvalsdeildar kvenna 2023–2024. Ásamt þeim komu upp úr yngri flokka starfinu gífurlega efnilegir ungir leikmenn og því liðið afar vel mannað. Um áramótin var liðið í efsta sæti úrvalsdeildar kvenna og var búið að vera þar allt tímabilið.

Ekki hefur gengið eins vel hjá meistaraflokki karla. Misstu þeir af úrslitakeppninni 2023–2024 og lenti liðið í 10. sæti deildarinnar. Liðið var styrkt um sumarið með öflugum erlendum leikmönnum og efnilegum innlendum leikmönnum. Þrátt fyrir það gekk liðinu ekki vel í deildinni og fór svo að stjórn félagsins ákvað að þjálfaraskipti væru nauðsynleg. Í nóvember var Máté Dalmay látinn fara sem þjálfari liðsins. Þökkum við honum fyrir hans góða og öfluga starf undanfarin ár. Emil Barja tók við liðinu tímabundið og stýrði þeim út árið. Vann liðið sína fyrstu leiki á haustmánuðum undir stjórn Emils. Ljóst var að Emil myndi ekki klára tímabilið með liðinu og um áramótin tók Friðrik Ingi Rúnarsson við stjórnartaumum meistaraflokks karla. Liðið er ágætlega mannað og með fjölda af efnilegum leikmönnum. Barna- og unglingastarf félagsins hefur gengið mjög vel og er stór og öflugur hópur iðkenda hjá félaginu. Hátt í 400 iðkendur eru í yngri flokkunum í 17 æfingarhópum. 12. flokkur félagsins varð Íslandsmeistari eftir lokaseríu við Stjörnuna og unnu þeir hana 2–1. Ungmennaflokkur félagsins fór í úrslit gegn Breiðablik en tapaði 2–0. Lið Hauka var skipað nánast sömu leikmönnum og 12. flokkur og því mikið álag á ungum leikmönnum liðanna en leikið var mjög þétt í maí mánuði. Stúlkurnar í mb 10 ára unnu til silfurverðlauna á Íslandsmótinu í sínum aldursflokki. Hluti af lokaúrslitum yngri flokka fór fram í Ólafssal í glæsilegri umgjörð félagsins.

Mikil og góð aukning hefur verið í barna- og unglingastarfinu hjá félaginu undanfarin ár og er svo komið að aðstaðan er sprungin yfir vetrartímann. Félagið er enn með töluverðan fjölda af æfingum í Hraunvalla- og Skarðshlíðarskóla. Það eru lítil skólaíþróttahús sem nýtast illa en allir flokkar sem þar æfa eru að sprengja aðstöðuna utan af sér.

Körfuknattleiksdeildin fékk nýja skotvél til afnota sumarið 2024. Leysti hún af eldri skotvél sem var orðin hátt í 20 ára gömul. Skotvél þessi er mikil lyftistöng fyrir starf deildarinnar og gefur yngri iðkendum sem og eldri tækifæri til að æfa meira og betur. Viljum við þakka Hafnarfjarðarbæ ásamt Altís fyrir aðstoðina að útvega skotvélina.

### FORMANNSSKIPTI

Á aðalfundi í mars steig Bragi Magnússon til hliðar sem formaður deildarinnar en hann hafði gegnt því starfi frá 2018. Þakkar félagið honum fyrir sitt framlag til félagsins. Við formannsstól tók Kristinn Jónasson.

Körfuknattleiksdeildin vill þakka stjórnarfólki, leikmönnum, þjálfurum, sjálfboðaliðum, samstarfsaðilum og öðrum velunnurum fyrir þeirra þátt í öflugu og góðu starfi deildarinnar.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

## Q. HANDKNATTLEIKSDEILD

Starfið í handboltanum hefur verið hefðbundið undanfarið starfsár, æfingar og keppni yngri iðkenda frá 9. flokk og upp í 3. flokk gekk prýðilega. Lagt var af stað í vinnu við uppfærslu á kennsluskrá deildarinnar sem von er á að klárist með vorinu. Samhliða því er von á aukinni samvinnu og tengingu milli foreldra iðkenda allra flokka. Félagið átti svo marga fulltrúa í yngri landsliðum þetta starfsárið sem tóku þátt í stórmótum erlendis og voru þau félaginu til mikils sóma.

Bæði meistaraflokksliðin tóku þátt í evrópubikarkeppninni og komust þau bæði í 8 liða úrslit. Meistaraflokkur kvenna féll út gegn sterku tékknesku liði og meistaraflokkur karla féll út gegn liði frá Bosníu og Hersegóvínu. Báðir flokkar hafa sýnt mikinn dugnað og vilja til að standa sig á

# FRÁ EVRÓPUKEPPNI









þessum vettvangi og sýnt mikla útsjónarsemi í sínum fjáröflunum enda mjög kostnaðarsamt að taka þátt í keppnum sem þessum.

Meistaraflokkur kvenna varð bikarmeistari eftir úrslitaleik við Fram fyrir framan fjölmenni á Ásvöllum en bikarvikan var spiluð á Ásvöllum og þótti takast vel til. Mikil ánægja var með framkvæmdina og má okkar fólk sem aðrir vera stolt af því. Meistaraflokkur karla gjörsigraði ÍBV í 16 liða úrslitum en var svo dæmdur ósigur í tímamótadómi af dómstól HSÍ vegna hugbúnaðargalla í ritarahugbúnaði sambandsins.

Deildarkeppnin er svo að klárast þar sem meistaraflokkur kvenna situr fast í 3. sæti á eftir Fram og Val og úrslitakeppnin handan við hornið. Meistaraflokkur karla veit sömuleiðis hlutskipti sitt sem er 5. sætið þetta árið og mun því ekki eiga heimaleikjarétt í úrslitakeppninni.

Það eru markmið okkar hér eftir sem áður að efla starfið á öllum sviðum, að gera átak til að efla almennt félagsstarf yngri sem eldri. Fjölga þarf iðkendum og finna þarf leiðir til að fjölga sjálfboðaliðum sem eru hverju íþróttafélagi virkilega mikilvægir. Þeim sem hafa staðið vaktina eru færðar miklar þakkir fyrir sitt fórnfúsa starf á árinu.

ÚR ÁRSSKÝRSLU HANDKNATTLEIKSDEILDAR

## R. KARATEDEILD

Árið 2024 var gott ár hjá Karatedeild Hauka og iðkendum hennar. Deildin eignaðist þrjá nýja svartbeltinga, Jón Trausta Snorrason, Matthías Kristjánsson og Mána Gunnlaugsson. Þá fékk Gunnlaugur Sigurðsson 5. Dan. Óskum við þeim hjartanlega til hamingju. Í maí fengum við sensei Jan Spatzek í hugsanlega hans síðustu heimsókn til okkar, æfingarnar voru vel sóttar og voru allir þátttakendur mjög ánægðir með æfingarnar. Helstu áskoranir sem deildin stendur frammi fyrir núna er það er engin verslun á landinu sem selur Karatevörur á sanngjörnu verði og höfum við verið að aðstoða iðkendur okkar með að panta galla og aðrar vörur að utan. Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölgar þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur haldist nokkuð jafn milli ára og vonum við að með bættri aðstöðu, menntun og reynslu þjálfara okkar muni enn bætast við hópinn. Við höfum haldið áfram að bæta við búnað deildarinnar til að geta boðið iðkendum okkar upp á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður/íþróttastjóri deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er yfirþjálfari deildarinnar og varaformaður. Aðrir stjórnarmenn eru Ana-Maria Brasoveanu og Eva Ósk Gunnarsdóttir, varamenn eru Eugen Schuldeis og Hjördís Helga Ægisdóttir. Karatemaður Hauka árið 2024 var Gunnlaugur Sigurðsson. Karatekona Hauka var Áróra Eyberg Valdimarsdóttir og Karateþjálfari ársins var Gunnlaugur Sigurðsson. Það var svo opinberað á viðurkenningahátíð Hauka á gamlársdag 2024 að Gunnlaugur Sigurðsson var valinn íþróttamaður Hauka fyrir árið 2024 og er hann vel að þeim titli kominn.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KARATEDEILDAR

## S. GOLF

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 en var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn. Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

## HAUKAMÓTIÐ Í GOLFI 2024 — ÚRSLIT

Haukamótið í golfi fór fram í 35. skipti föstudaginn 27. september sl. Að þessu sinni fór mótið fram helst til seint í árinu. Er það að mati okkar sem stóðum að mótinu að það hafi verið ein helsta ástæða þess að þátttaka var ekki sem skyldi, en 78 keppendur mættu til leiks. Veður var þó með ágætum, lygnt og fór hitinn í 9 gráður og vallarskilyrði með besta móti, þó voru nokkrar sandgryfjur úr leik vegna lagfæringa.

**Úrslit í mótinu urðu þessi:**

Haukabikarinn í höggleik án forgjafar kom í hlut Þórdísar Geirsdóttur á 73 höggum. Rauða jakkann og fyrsta sæti í punktakeppninni hlaut Jón Ásgeir Ríkharðsson á 44 punktum. Annar í punktakeppninni varð Örvar Guðmundsson á 43 punktum og þriðji Viðar Jónsson á 40 punktum. Viðar hlaut einnig Gula boltann í flokki 60 ára og eldri. Fjarðarkaupaverðlaunin. Fyrsta sæti Þórdís Geirsdóttir á 73 höggum. Annað sæti Björk Svarfdal Hauksdóttir á 88 höggum og þriðja sæti hlaut Rósa Lyng Svavarsdóttir á 90 höggum. Næstir holu urðu eftirtaldir spilarar: Á 4. holu Haraldur Örn Sturluson, á 6. holu Björk Svarfdal Hauksdóttir, á 12. holu Þórdís Geirsdóttir og á 17. holu Ægir Örn Sigurgeirsson.

Haukamótið í golfi vill þakka Golfklúbbnum Keili, starfsmönnum klúbbsins og starfsfólki í veitingasölu fyrir samstarfið. Einnig keppendum öllum fyrir þeirra þátttöku og stuðning, enda er tilgangur Haukamótsins í golfi m.a. að afla fjár til að styðja við félagið okkar, Knattspyrnufélagið Hauka, til góðra verka á Ásvöllum.

Verðlaunaafhending fór fram að móti loknu í golfskálanum og var þá dregið úr skorkortum. Allir viðstaddir keppendur í golfskálanum við mótsslit, voru dregnir úr „skorkortum“ og var þar um að ræða fjölda glæsilegra vinninga. Segja má að golfmót Hauka árið 2024 hafi tekist með ágætum.

# T. VEIÐI

Tvö öflug veiðifélög hafa starfað innan Hauka um áratugaskeið, **Haukur á stöng** og **Mokveiðideildin**. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Á sl. sumri fóru Haukar á Stöng vítt og breitt um afrétti Hrunamannahrepps í einstakri sumarblíðu. Það var síðasta ferð foringjans Bjarna Hafsteins með sínum félögum, en hann kvaddi í lok sl. árs. Mokveiðideildin samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins og hefur stundað reglulegar veiðar í Vatnsdalnum og víðar. Veiðimenn Hauka horfa með björtum hug til komandi veiðisumars.

# U. GETRAUNALEIKUR

Góður gangur er í starfseminni um þessar mundir. Vel er mætt á laugardagsmorgnum í kaffi og spjall auk þess að hala inn einum og einum vinningi. Allir eru velkomnir.



## V. REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF

Rekstrarfélag Hauka ehf er að fullu í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka. Tilgangur félagsins er m.a. að halda utan um rekstur meistaraflokka félagsins.

**Aðalfundur félagsins var haldinn 15. maí 2024.**

**Stjórn félagsins skipa:** Andri Már Ólafsson, formaður, Guðborg Halldórsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Brynjar Viggósson og Stefán Borgþórsson

**Varamenn:** Guðmunda Matthíasdóttir, Halldór Jón Garðarsson og Valdimar Óskarsson.

**Framkvæmdastjóri** félagsins er Magnús Gunnarsson.

## X. ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR — ÍBH

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar** var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

**Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson.**

Stefna ÍBH og framtíðarsýn er skýr og stjórn ÍBH hefur mótað sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsáherslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur er því skýr stefna og áherslur, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.



*Stjórn ÍBH 2023 – 2025. Frá vinstri: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Hildur Vilhelmsdóttir, Aðalbjörg Óladóttir, Már Sveinbjörnsson, Magnús Gunnarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson.*



*Gestir, stjórn ÍBH og framkvæmdastjóri ÍBH á 80 ára afmæli ÍBH 24. apríl 2025.*

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald, halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga. Í samstarfssamningi sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfinga- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna. Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

## ÍBH FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ 2024–2027

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur unnið að því að uppfylla þau gæðaviðmið sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur fyrir íþróttahéruð/íþróttabandalög. Gæðaviðmiðin eru m.a. fólgin í því að það séu til stefnur og verkferlar um allt starf samtakanna, auk þess sem fjármál og rekstur samtakanna þurfa að vera í lagi. ÍBH er sjötta íþróttahéraðið/íþróttabandalagið af tuttugu og fimm til þess að ávinna sér nafnbótina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og gildir hún í fjögur ár frá veitingu nafnbótarinnar á árinu 2024.







*Íþrótta- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 27. desember 2024. Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona Haukum valin íþróttakona Hafnarfjarðar.*

*Flensborgarhlaupið 17. september 2024. Samvinnuverkefni Flensborgarskólans og skokkhóps Hauka/hlaupahóps FH.*

*Fulltrúaráðsfundur ÍBH haldinn 10. október 2024 í samkomusal Ásvalla.*

Föstudaginn 27. desember 2024 fór hin árlega Íþrótta- og viðurkenningahátíð Hafnarfjarðarbæjar fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Haukum var kjörin íþróttakona Hafnarfjarðar og Daníel Ingi Egilsson frjálsíþróttamaður úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar var kjörinn íþróttakarl Hafnarfjarðar. Móðir Daníels Inga, Birna Björnsdóttir, tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd.

Einnig fór fram afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH). Rannveig Rist forstjóri Rio Tinto á Íslandi og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH afhentu fulltrúum aðildarfélaga ÍBH styrkina.


KNATTHÚS HAUKA

# NOKKRAR MYNDIR













# FRÁ VÍGSLU KNATTHÚSSINS

















HAUKAR
FÉLAGIÐ
MITT

## Y. LOKAORÐ — FÉLAGIÐ OKKAR

Við getum verið stolt af félaginu okkar, íþróttafélagi sem starfað hefur óslitið frá árinu 1931 og fagnaði 93 ára afmæli þann 12. apríl 2024. Hvert ár frá stofnun Knattspyrnufélagsins Hauka hefur verið ævintýri. Á fyrstu árum félagsins mótaðist félagið af samheldni þeirra ungu drengja sem stofnuðu félagið. Með eldmóði og eljusemi lögðu þeir sig fram um að skapa góða umgjörð til iðkunar íþrótta. Þannig hefur saga þessa félags verið. Hver kynslóðin tekur við af annari þar sem byggt er á þeim félagsauði og þeirri reynslu sem færst hefur á milli kynslóða. Alltaf er horft fram á veginn með það markmið að leiðarljósi að skapa enn betri umgjörð um íþróttastarfið sem og að auðga og efla félagsandann.

Við getum horft til ársins 2024 sem árs mikilla framkvæmda. Knatthús Hauka, ein glæsilegasta aðstaða til kattspyrnuiðkunar á landinu, var vígt þann 14. febrúar 2025. Langþráðu markmiði var þar með náð og vart er hægt að hugsa sér betri aðstöðu til knattspyrnuiðkunar en nú er að raungerast á Ásvöllum. Knatthúsið er upphitað með knattvelli þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja. Við getum því boðið vetrarveðrum byrginn sem verður kærkomið. Þá var á árinu unnið að margvíslegum smærri verkefnum í íþróttamiðstöð.

Íþróttamiðstöðin á Ásvöllum liggur í jaðri Ástjarnar og upplandsins sem teygir sig að Ásfjalli og þaðan áfram í efra uppland. Okkur er annt um okkar næsta umhverfi, umhugað um lífríki Ástjarnar og við berum virðingu fyrir mönnum og málleysingjum sem njóta hér útivistar. Útivistarsvæði og ört stækkandi íbúðabyggð á Völlum, Skarðshlíð og í Hamranesi, auk íbúðabyggðar í Áslandi, Hvömmum og á Hvaleyrarholti, rammar inn glæsilegt íþróttasvæði Hauka. Á hverjum degi sækja hundruð nemenda frá grunnskólum þessara hverfa íþróttakennslu í Íþróttamiðstöðina og síðdegis hefjast æfingar og keppnir í hinum ýmsu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Ásvöllum.

Þegar þessi lokaorð í ársskýrslu Hauka eru rituð er ekki úr vegi að geta þess að sérstakur árangur hefur náðst hjá kvennaliðum félagsins. Þannig varð meistaraflokkur kvenna í handbolta bikarmeistari fyrir nokkrum vikum og framundan er spennandi viðureign þeirra gegn Val í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn á næstu vikum. Stúlkurnar okkar í meistaraflokki í körfuknattleik urðu deildarmeistarar og léku síðan til úrslita við Njarðvík um Íslandsmeistaratitil og fögnuðu glæstum sigri eftir æsispennandi viðureign. Þá vann meistaraflokkur kvenna í fótbolta 2. deildina á liðnu hausti og spilar í Lengjudeild í sumar og fara vel af stað. Við getum því sannarlega fagnað góðum árangri stúlknanna okkar.

Rætur Knattspyrnufélagsins Hauka liggja víða í hafnfirskri menningu og margur maðurinn á sér góðar og kærar minningar um þátttöku í öflugu íþrótta- og félagsstarfi. Þátttaka í íþróttastarfi hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og við erum stolt af okkar fólki sem víða hefur haslað sér völl í samfélaginu sem traustir og góðir einstaklingar. .

Knattspyrnufélagið Haukar er öflugt félag með stórt hjarta sem vill stuðla að góðum félagsanda og drenglyndi í garð náungans. Þannig náum við bestum árangri, vinátta, ástundun og vilji til góðra verka, á að vera okkar helsta markmið.

Það er ánægjulegt og gefandi að vera þátttakandi í öllu þessu mikla starfi. Starfsfólk okkar, stjórnarfólk og aðrir sjálfboðaliðar standa vaktina og taka þátt í leik og starfi.

Mér er það ljúft og skylt að þakka hér öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf í þágu Knattspyrnufélagsins Hauka. Með ykkar öfluga stuðningi náum við langt og getum haldið á lofti því merka starfi sem fram hefur farið undir merkjum Hauka í áratugi.

**ÁFRAM HAUKAR**

*— Magnús Gunnarsson, formaður —*

**FYLGISKJÖL:**

1. Ársreikningur Aðalstjórnar Hauka 2024
2. Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf. 2024
3. Knattspyrnufélagið Haukar — Samstæðuársreikningur 2024



*… alltaf gleði … alltaf stemning!*



FYLGISKJAL 1

# ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA 2024

# Ársskýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka er starfsemi íþróttafélaga.

Rekstrartekjur Knattspyrnufélagsins námu 565,4 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 26,1 millj. kr. milli ára eða um 4,8%. Tap Knattspyrnufélagsins á árinu 2024 nam 7,3 millj. kr. (2023: hagnaður 3,3 millj. kr.)

Eigið fé Knattspyrnufélagsins í árslok nam 326,6 millj. kr. (2023: 333,9 millj. kr.) Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélagsins Hauka staðfestir hér með ársreikning aðalstjórnar árið 2024 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2024 ásamt sjóðstreymisyfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 16. maí 2025



# Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Árseikning þennan fyrir Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2024 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjörsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði, að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2024, efnahag hinn 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé árið 2024, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 6. maí 2025

Einar S. Sigurðsson.

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.

**ÁRITUN SKOÐUNARMANNA**

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2024 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 8. maí 2025

Viðar Jónsson

Elísa Karið Hólm

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | |
| Rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar | | 185.106.452 | 197.866.501 |
| Framlög og styrkir | | 19.736.681 | 14.080.487 |
| Rekstur barna- og unglingastarfs | | 141.240.485 | 128.064.273 |
| Aðrar tekjur | | 14.809.134 | 12.973.193 |
| Reiknuð húsaleiga | | 204.591.553 | 186.389.556 |
| Rekstrartekjur alls | | 565.484.305 | 539.374.010 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3. | 145.558.151 | 140.695.399 |
| Mótahald, viðburðir | | 6.818.903 | 5.246.287 |
| Verktakar | | 100.206.614 | 88.978.853 |
| Framlög til reksturs húss og deilda | | 83.000.000 | 83.000.000 |
| Rekstur íþróttahúss og íþróttasvæða | | 12.100.341 | 11.587.503 |
| Stjórnun, umsýsla,skrifstofukostnaður | | 8.962.149 | 6.912.685 |
| Reiknuð húsaleiga | | 204.591.553 | 186.389.556 |
| Rekstrargjöld alls | | 561.237.711 | 522.810.283 |
| Afskriftir | 4. | 9.720.000 | 9.720.000 |
| Rekstrarafkoma (tap) án fjármagnsliða | | ( 5.473.406 ) | 6.843.727 |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 976.962 | 413.953 |
| Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur | | ( 2.780.142 ) | ( 3.944.099 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | ( 1.803.180 ) | ( 3.530.146 ) |
| | | ( 7.276.586 ) | 3.313.581 |
| **REKSTRARAFKOMA (TAP) ARSINS** | | ( 7.276.586 ) | 3.313.581 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

## Eignir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **FASTAFJÁRMUNR:** | | | |
| **VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:** | | | |
| Ásvellir | 4. | 304.560.000 | 314.280.000 |
| Fasteignir alls | | 304.560.000 | 314.280.000 |
| **ÁHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMA KRÖFUR:** | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 5. | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Eignarhlutir samtals | | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Fastafjármunir alls | | 306.060.000 | 315.780.000 |
| **VELTUFJÁRMUNIR:** | | | |
| Krafa á dótturfélag, Rekstrarfélag Hauka ehf | | 24.241.702 | 37.477.098 |
| Skammtíma kröfur | 6. | 4.977.226 | 1.925.520 |
| Handbært fé | | 40.330.468 | 28.152.734 |
| Veltufjármunir alls | | 69.549.396 | 67.555.352 |
| **Eignir alls** | | 375.609.396 | 383.335.352 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1/1 | | 333.964.844 | 330.651.263 |
| Hagnaður (tap) ársins | | ( 7.276.586 ) | 3.313.581 |
| Eigið fé alls | 7. | 326.688.258 | 333.964.844 |
| **LANGTÍMA SKULDIR:** | | | |
| Langtíma lán | 8. | 16.037.406 | 19.579.922 |
| Langtímaskuldir alls | | 16.037.406 | 19.579.922 |
| **SKAMMTÍMA SKULDIR:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 9. | 14.179.309 | 13.034.588 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 3.999.186 | 3.237.550 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | | 14.705.237 | 13.518.448 |
| Skammtímaskuldir alls | | 32.883.732 | 29.790.586 |
| Skuldir alls | | 48.921.138 | 49.370.508 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 375.609.396 | 383.335.352 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

| **Rekstrarhreyfingar** | | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi | | ( 7.276.586 ) | 3.313.581 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé: | | | |
| Afskriftir | 3. | 9.720.000 | 9.720.000 |
| Verðbreyting lána | | 599.186 | 1.397.307 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | 3.042.600 | 14.430.888 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 10.183.690 | 3.424.994 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | 2.331.510 | ( 1.227.243 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 12.515.200 | 2.197.751 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | 15.557.800 | 16.628.639 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Afborgun lána | | ( 3.380.066 ) | ( 9.320.603 ) |
| | | ( 3.380.066 ) | ( 9.320.603 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu | | 12.177.734 | 7.308.036 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 28.152.734 | 20.844.698 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 40.330.468 | 28.152.734 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Knattspyrnufélags Hauka byggir á lögum félagsins. Megin tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinar og glæða áhuga almennings á gildi íþrótta. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**Mat og ákvarðanir**
Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

**Handbært fé**
Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Langtímaskuldir**
Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. **Laun og launatengd gjöld**

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 118.293.652 | 114.606.509 |
| Lífeyrissjóður | 14.913.520 | 14.308.707 |
| Bifreiðarstyrkur | 1.405.982 | 1.378.392 |
| Launatengd gjöld | 10.944.997 | 10.401.791 |
| | 145.558.151 | 140.695.399 |

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 20 á árinu (2023: 18).

4. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir |
|---|---|
| Kostnaðarverð 01.01.2024 | 324.000.000 |
| Afskrifað áður | ( 9.720.000 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 9.720.000 ) |
| Heildarverð 31.12.2024 | 304.560.000 |
| Afskriftarprósenta | 3% |
| Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749 | 223.900.000 |

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 401,9 milljónir í árslok 2024.

5. **Eignarhlutir í félögum**

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Rekstrarfélag Hauka ehf. | 100% | 500.000 | 1.500.000 |
| | | 500.000 | 1.500.000 |

6. **Skammtímakröfur**

| | |
|---|---|
| Viðskiptakröfur | 4.977.226 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 0 |
| | 4.977.226 |

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

7. **Eigið fé**

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2024 | 333.964.844 | 333.964.844 |
| Hagnaður (tap) ársins | ( 7.276.586 ) | ( 7.276.586 ) |
| Eigið fé 31. desember 2024 | 326.688.258 | 326.688.258 |

## 8. Langtímaskuldir

| | 31.12.2024 |
|---|---|
| Landsbanki Íslands | 20.036.592 |
| Næsta árs afborganir | ( 3.999.186 ) |
| | 16.037.406 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:

| | |
|---|---|
| Árið 2025 | 3.999.186 |
| Árið 2026 | 3.400.000 |
| Árið 2027 | 3.400.000 |
| Árið 2028 | 2.678.784 |
| Afborganir síðar | 6.558.622 |
| | 20.036.592 |

## 9. Viðskiptaskuldir

| | |
|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 14.179.309 |
| | 14.179.309 |



FYLGISKJAL 2

# ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2024

# Ársskýrsla stjórnar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur.

Rekstrartekjur félagsins námu 325,3 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 19,8 millj. kr. milli ára eða um 6,5%. Tap félagsins á árinu 2024 nam 6,6 millj. kr.(2023: hagnaður 156 þús.)

Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 42,1 millj. kr. (2023: neikvætt um 35,4 millj. kr.). Tap ársins yfirfærist til næsta árs. Áframhaldandi rekstrarhæfi er m.a háð opinberum styrkveitingum ásamt framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Aukning var á styrkveitingum á árinu ásamt aukningu í sölu á búningum og varningi. Stjórn félagsins telur félagið rekstrarhæft til næstu ára.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Rekstrarfélgs Hauka ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2024 ásamt sjóðstreymisyfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 13.maí 2025

# Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa í Rekstrarfélagi Hauka ehf.

Ársreikning þennan fyrir Rekstrarfélag Hauka fyrir 2024 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri ársins 2024, efnahag hinn 31. desember 2024 og breytingu á sjóðstreymi 2024, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 13. maí 2025

Einar S. Sigurðsson.

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | |
| Miðasala | | 12.499.086 | 18.923.684 |
| Seldar auglýsingar og styrkir m/vsk | | 65.095.234 | 58.208.601 |
| Styrkir og framlög án/vsk | | 127.890.381 | 111.683.416 |
| Framlag frá aðalstjórn v. húsnæðis | | 65.000.000 | 65.000.000 |
| Framlag til deilda frá aðalstjórn | | 18.000.000 | 18.000.000 |
| Seldar vörur og fl. | | 12.614.095 | 19.501.687 |
| Leigutekjur m/vsk | | 6.384.359 | 6.460.194 |
| Aðrar tekjur | | 17.844.246 | 7.695.082 |
| | | 325.327.401 | 305.472.664 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Efniskaup og kostnaður v/auglýsinga | | 21.385.831 | 25.630.262 |
| Mótagjöld | | 12.204.034 | 12.141.199 |
| Verktakar | | 115.013.665 | 103.301.701 |
| Viðburðir og kostnaður vegna leikja | | 72.593.967 | 51.925.140 |
| Dómarakostnaður og mótahald | | 279.550 | 81.000 |
| Húsnæðiskostnaður | | 36.183.685 | 33.367.334 |
| Áhalda- og tækjakostnaður | | 11.166.074 | 12.366.962 |
| Ferðakostnaður | | 33.645.388 | 34.810.398 |
| Kostnaður v/leigu | | 1.619.600 | 2.489.634 |
| Kostnaður v/félagsskipta | | 6.188.400 | 7.658.866 |
| Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða | | 4.061.965 | 3.616.913 |
| Stjórnun og umsýsla | | 9.683.747 | 9.999.161 |
| Annar kostnaður | | 3.484.973 | 4.234.353 |
| | | 327.510.879 | 301.622.923 |
| Afskriftir | 3. | 2.907.809 | 1.637.318 |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði | | ( 5.091.287 ) | 2.212.423 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 645.041 | 441.931 |
| Vextir, þjónustugjöld, fjármagnstekjuskattur | | ( 2.204.170 ) | ( 2.498.432 ) |
| | | ( 1.559.129 ) | ( 2.056.501 ) |
| Hagnaður (tap) ársins | | ( 6.650.416 ) | 155.922 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

## Eignir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Áhöld og tæki | 3. | 12.133.999 | 7.052.041 |
| | | 12.133.999 | 7.052.041 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Viðskiptakröfur | 4. | 10.453.184 | 15.783.781 |
| Inneign virðisaukaskatts | | 0 | 473.998 |
| Handbært fé | | 18.564.630 | 13.502.069 |
| | | 29.017.814 | 29.759.848 |
| **Eignir samtals** | | 41.151.813 | 36.811.889 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 500.000 | 500.000 |
| Ójafnað eigið fé | 5. | ( 42.572.908 ) | ( 35.922.492 ) |
| Eigið fé samtals | | ( 42.072.908 ) | ( 35.422.492 ) |
| **Skammtíma skuldir:** | | | |
| Skuld við móðurfélag, Knattsp.f Hauka | | 24.241.702 | 37.477.098 |
| Viðskiptaskuldir | 6. | 55.040.858 | 34.396.498 |
| Ógreiddur kostnaður | | 2.311.777 | 360.785 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | | 1.630.384 | 0 |
| | | 83.224.721 | 72.234.381 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 41.151.813 | 36.811.889 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

| | | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi | | ( 6.650.416 ) | 155.922 |
| Mism. á hagnaði og handbæru fé frá rekstri: | | | |
| Afskriftir | 3. | 2.907.809 | 1.637.318 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 3.742.607 ) | 1.793.240 |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | 5.804.595 | 5.267.762 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun | | 10.990.340 | 1.348.493 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 16.794.935 | 6.616.255 |
| Handbært fé frá (til) rekstri | | 13.052.328 | 8.409.495 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Keypt áhöld | | ( 7.989.767 ) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 7.989.767 ) | 0 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 5.062.561 | 8.409.495 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 13.502.069 | 5.092.574 |
| Handbært fé í árslok | | 18.564.630 | 13.502.069 |

# Skýringar

1. **Almennar upplýsingar**

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. **Reikningsskilaaðferðir**

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**Mat og ákvarðanir**
Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

**Handbært fé**
Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Hlutafé**
Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Áhöld og tæki |
|---|---|
| Heildarverð 01.01.2024 | 18.874.970 |
| Keypt á árinu | 7.989.767 |
| Heildarverð 31.12.2024 | 26.864.737 |
| Afskrifað áður | ( 11.822.929 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 2.907.809 ) |
| Afskrifað samtals | ( 14.730.738 ) |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 12.133.999 |
| Afskriftarprósenta | 20% |

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 191,5 milljónir í árslok 2024.

4. **Viðskiptakröfur**

| | |
|---|---|
| Viðskiptakröfur | 10.453.184 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 0 |
| | 10.453.184 |

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

5. **Eigið fé**

| | Hlutafé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2024 | 500.000 | ( 35.922.492 ) | ( 35.422.492 ) |
| Hagnaður (tap) ársins | 0 | ( 6.650.416 ) | ( 6.650.416 ) |
| Eigið fé 31. desember 2024 | 500.000 | ( 42.572.908 ) | ( 42.072.908 ) |

6. **Viðskiptaskuldir**

| | |
|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | ( 55.040.858 ) |
| | ( 55.040.858 ) |




# *... alltaf gleði ... alltaf stemning!*





FYLGISKJAL 3

# AÐALSTJÓRN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR

# 2024

# Ársskýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka er starfsemi íþróttafélaga.

Rekstrartekjur samstæðu Knattspyrnufélagsins Hauka námu 807,8 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 45,9 millj. kr. milli ára eða um 6%. Tap samstæðu á árinu 2024 nam 13,9 millj. kr. (2023 hagnaður 3,4 millj. kr.)

Eigið fé samstæðu í árslok nam 283,1 millj. kr. (2023: 297 millj. kr.) Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélagsins Hauka staðfesta hér með ársreikning samstæðu fyrir árið 2024 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2024 ásamt sjóðstreymisyfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 6 maí 2025

# Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Árseikning þennan fyrir samstæðu Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2024 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjörsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði, að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2024, efnahag hinn 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé árið 2024 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 6. maí 2025

Einar S. Sigurðsson

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.

**ÁRITUN SKOÐUNARMANNA**

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið samstæðuársreikning þennan fyrir árið 2024 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 6. maí 2025

Viðar Jónsson

Ása Karín Hólm

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | |
| Tekjur | | 603.220.153 | 575.457.118 |
| Reiknuð húsaleiga | | 204.591.553 | 186.389.556 |
| Rekstrartekjur alls | | 807.811.706 | 761.846.674 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2. | 145.558.151 | 140.695.399 |
| Rekstrargjöld | | 455.598.886 | 414.348.251 |
| Afskriftir | 4. | 12.627.809 | 11.357.318 |
| Reiknuð húsaleiga | | 204.591.553 | 186.389.556 |
| Rekstrargjöld alls | | 818.376.399 | 752.790.524 |
| Rekstrarafkoma án fjármagnsliða | | ( 10.564.693 ) | 9.056.150 |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 1.622.003 | 855.884 |
| Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur | | ( 4.984.312 ) | ( 6.442.531 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | ( 3.362.309 ) | ( 5.586.647 ) |
| | | ( 13.927.002 ) | 3.469.503 |
| **REKSTRARAFKOMA (TAP) ÁRSINS** | | ( 13.927.002 ) | 3.469.503 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

## Eignir

### FASTAFJÁRMUNR:

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:** | | | |
| Ásvellir | | 304.560.000 | 314.280.000 |
| Áhöld og tæki | | 12.133.999 | 7.052.041 |
| | 4. | 316.693.999 | 321.332.041 |
| Fastafjármunir alls | | 316.693.999 | 321.332.041 |

### VELTUFJÁRMUNIR:

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Skammtíma kröfur | 5. | 15.430.410 | 17.709.301 |
| Inneign virðisaukaskatts | | 0 | 473.998 |
| Handbært fé | | 58.895.098 | 41.654.803 |
| Veltufjármunir alls | | 74.325.508 | 59.838.102 |
| **Eignir alls** | | 391.019.507 | 381.170.143 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1/1 | | 297.042.352 | 293.572.849 |
| Hagnaður (tap) ársins | | ( 13.927.002 ) | 3.469.503 |
| Eigið fé alls | 6. | 283.115.350 | 297.042.352 |
| **LANGTÍMA SKULDIR:** | | | |
| Langtíma lán | 7. | 16.037.406 | 19.579.922 |
| Langtímaskuldir alls | | 16.037.406 | 19.579.922 |
| **SKAMMTÍMA SKULDIR:** | | | |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 3.999.186 | 3.237.550 |
| Skammtímaskuldir | 8. | 87.867.565 | 61.310.319 |
| Skammtímaskuldir alls | | 91.866.751 | 64.547.869 |
| Skuldir alls | | 107.904.157 | 84.127.791 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 391.019.507 | 381.170.143 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

| **Rekstrarhreyfingar** | | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi | | ( 13.927.002 ) | 3.469.503 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé: | | | |
| Afskriftir | 4. | 12.627.809 | 11.357.318 |
| Verðbreyting lána | | 599.186 | 1.397.307 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 700.007 ) | 16.224.128 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 2.752.889 | 8.115.718 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | 26.557.246 | 698.288 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 29.310.135 | 8.814.006 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | 28.610.128 | 25.038.134 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Keypt áhöld | | ( 7.989.767 ) | 0 |
| | | ( 7.989.767 ) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Afborgun lána | | ( 3.380.066 ) | ( 9.320.603 ) |
| | | ( 3.380.066 ) | ( 9.320.603 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu | | 17.240.295 | 15.717.531 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 41.654.803 | 25.937.272 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 58.895.098 | 41.654.803 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Knattspyrnufélags Hauka byggir á lögum félagsins. Megin tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinar og glæða áhuga almennings á gildi íþrótta. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**Mat og ákvarðanir**
Við gerð samstæðuársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

**Handbært fé**
Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. Laun og launatengd gjöld

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 118.293.652 | 114.606.509 |
| Lífeyrissjóður | 14.913.520 | 14.308.707 |
| Bifreiðarstyrkur | 1.405.982 | 1.378.392 |
| Launatengd gjöld | 10.944.997 | 10.401.791 |
| | 145.558.151 | 140.695.399 |

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 20 á árinu (2023: 18).

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

| | Fasteignir | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 01.01.2024 | 324.000.000 | 18.874.970 | 342.874.970 |
| Keypt á árinu | 0 | 7.989.767 | 7.989.767 |
| Heildarverð 31.12.2024 | 324.000.000 | 26.864.737 | 350.864.737 |
| Afskrifað áður | ( 9.720.000 ) | ( 11.822.929 ) | ( 21.542.929 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 9.720.000 ) | ( 2.907.809 ) | ( 12.627.809 ) |
| Afskrifað samtals | ( 19.440.000 ) | ( 14.730.738 ) | ( 34.170.738 ) |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 304.560.000 | 12.133.999 | 316.693.999 |
| Afskriftarprósenta | 3% | 20% | |
| Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749 | | | 223.900.000 |

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 593,4 milljónir í árslok 2024.

## 5. Skammtímakröfur

| | |
|---|---|
| Viðskiptakröfur | 15.430.410 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 0 |
| | 15.430.410 |

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

## 6. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2024 | 297.042.352 | 297.042.352 |
| Hagnaður (tap) ársins | ( 13.927.002 ) | ( 13.927.002 ) |
| Eigið fé 31. desember 2024 | 283.115.350 | 283.115.350 |

## 7. Langtímaskuldir

| | 31.12.2024 |
|---|---|
| Landsbanki Íslands | 20.036.592 |
| Næsta árs afborganir | ( 3.999.186 ) |
| | 16.037.406 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:

| | |
|---|---|
| Árið 2025 | 3.999.186 |
| Árið 2026 | 3.400.000 |
| Árið 2027 | 3.400.000 |
| Árið 2028 | 2.678.784 |
| Afborganir síðar | 6.558.622 |
| | 20.036.592 |

## 8. Skammtímaskuldir

| | |
|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 69.220.167 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | 14.705.237 |
| Ógreiddur kostnaður | 2.311.777 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 1.630.384 |
| | 87.867.565 |


KNATTHÚS HAUKA
HAUKAR

# KNATTHÚS HAUKA

*Vígt 14. febrúar 2025*

*... frá hugmynd að veruleika*

# FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA

## Knatthús frá hugmynd að veruleika

**Þegar ákveðið var að ráðast í byggingu Íþróttamiðstöðvar Hauka árið 1998, var í deiliskipulagi gert ráð fyrir mögulegri yfirbyggingu, svonefndu boltahúsi, yfir aðalleikvang félagsins, alls 12.000 m² byggingu með 10m hæð við hliðarlínur og 20m hæð langs eftir miðju. Deiliskipulagi var breytt 2010 og var þá byggingareitur fyrir boltahús fluttur suður fyrir aðalleikvang félagsins. Það var svo á vormánuðum 2015 sem fram komu hugmyndir um að byggja fjölbýlishús á hluta lóðar knattspyrnufélgsins Hauka og nýta allan arð af þeim til fjármögnunar við byggingu knatthúss. ASK—arkitektar útbjuggu fyrstu tillögur að þessari íbúðabyggð og voru þær kynntar fyrir bæjaryfirvöldum árið 2016. Bæjaryfirvöld samþykktu árið 2021 að fara í breytingu á deiliskipulagi svæðisins þar sem gert væri ráð fyrir 80–120 íbúðum á lóð félagsins. Samhliða þessari breytingu var knatthúsið fært til á lóðinni í núverandi hússtæði. Hafnarfjarðarbær bauð síðan út byggingarréttinn fyrir fjölbýlishús á lóðinni og greiddi byggingafélag Gunnars og Gylfa 1.27 milljarða króna fyrir lóðina. Þannig fékkst umtalsvert fjárframlag sem Hafnarfjarðarbær gat nýtt sér til byggingar knatthússins. 25 árum eftir að hugmyndir um boltahús að Ásvöllum voru settar í deiliskipulag er verið að taka í notkun eitt glæsilegasta knatthús landsins—11.200 m² með lofthæð 10m á hliðum og 20m langs eftir miðju.**

**TIL HAMINGJU HAFNFIRÐINGAR**

ÍAV

## Byggingarnefnd um knatthús á Ásvöllum

**Starfshópur:**

Kristinn Andersen ... formaður
Daði Lárusson, Brynjar Þór Gestsson, Samúel Guðmundsson,
Jóhann Unnar Sigurðsson/Karl Guðmundsson til maí 2022
Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, Magnús Gunnarsson,
Magnús Gylfason/Jón Ásbjörnsson, Halldór Garðarsson frá júní 2022

**Með starfshópnum starfa:**

| | |
|---|---|
| Geir Bjarnason | Íþrótta- og tómstundafulltrúi |
| Rósa Steingríms/Helga Benedikts. | Sviðsstjóri fjármálasviðs |
| Sigurður Haraldsson. | Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs |
| Magnús Gunnarsson | Framkvæmdastjóri Hauka |

## Hönnun knatthússins

| | |
|---|---|
| **Arkitekt og hönnunarstjóri** | **ASK arkitektar ehf** |
| Umsjón: Helgi Már Halldórsson | |
| **Landslagshönnun** | **Landhönnun** |
| Umsjón: Hermann Ólafsson | |
| **Burðarþol, lagnir, loftræsing.** | **Hnit verkfræðistofa** |
| Umsjón burðarþols: Haukur J. Eiríksson | |
| Umsjón lagna og loftræsingar: Atli Freyr Unnarsson | |
| **Raflagnir** | **Raftákn** |
| Umsjón: Elmar Arnarson | |
| **Bruna- og öryggismál** | **Örugg verkfræðistofa** |
| Umsjón: Böðvar Tómasson | |
| **Hljóðhönnun** | **Hljóðvist ehf** |
| Umsjón: Ragnar Viðarsson | |

### Verkefnisstjórn á vegum Hafnarfjarðarbæjar:

Sigurður Haraldsson. ... Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

### Verkefnisstjórn, umsjón og eftirlit:

**Strendingur verkfræðiþjónusta**

| | |
|---|---|
| Pétur Vilberg Guðnason. | Verkefnisstjóri |
| Ingi Arason | Eftirlitsmaður |

### Aðalverktaki

Íslenskir Aðalverktakar ÍAV

## Helstu stjórnendur, undirverktakar og birgjar

| Helstu stjórnendur ÍAV | Hlutverk |
|---|---|
| Þórir Fannar Þórisson | Verkefnisstjóri |
| Karol Zentara. | Verkefnisstjóri |
| Pétur Skarphéðinn Stefánsson | Byggingaverkstjóri |
| Ragnar Kristjánsson | Byggingaverkstjóri |
| Davíð S Helgason. | Byggingaverkstjóri |
| Snæbjörn Reynir Rafnsson | Fagstjóri pípulagna |
| Ásgeir Gunnarsson | Fagstjóri rafvirkja |
| Gísli Blöndal | Yfirmælingamaður |
| Haraldur Arnórsson | Forstöðumaður BIM og hugbúnaður |
| Einar Haukur Óskarsson | Jarðvinnuverkstjóri |
| Kári V Rúnarsson. | Jarðvinnuverkstjóri |
| Ásberg Ingólfsson | Jarðvinnuverkefnisstjóri |
| Ingólfur Gissurarson. | Forstöðumaður Gæða- og öryggismála |
| Valur Hreggviðsson/Már Sigurðsson. | Framkvæmdastjóri byggingasviðs |

| Helstu undirverktakar | Verkefni | Stjórnendur |
|---|---|---|
| Madonu | Steypuverktaki | David Moreiras |
| Stjörnublikk ehf | Loftræsing | António Teixeira |
| AGG verktakar ehf | Stálvirki. | Audrius Serapinas |
| Þakdúkalagnir ehf. | Þakfrágangur | Róbert M. Grétarsson |
| Aluzara | Hurðir og gluggar | Andrius Straksys |
| GD Facades ehf. | Utanhúss klæðning | Gintautas Rudokas |
| Metatron ehf | Frágangur innanhúss | Ármann Andri Einarsson |
| Lóðaþjónustan. | Frágangur lóðar. | Halldór Þorsteinsson |
| Olís | Þak þjónustuhúss. | Jóhannes Kristjánsson |
| Múr X ehf. | Múrverk þjónustuhús. | Ólafur Kristjánsson |
| Dynjandi ehf. | Fallvarnir | Gunnar Bergmann |
| Málningarþjónusta Hannesar og Valgeirs | Málun. | Valgeir Hannesson |

| Helstu birgjar | Verkefni |
|---|---|
| BM Vallá. | Steinsteypa |
| Kambstál | Steypustyrktarstál |
| SEG Led Solutions | Lampar í knattsal |
| Málmtækni. | Veggklæðningar |
| BUTINA UAB. | Stálvirki |
| Plieno Studija UAB | Þakfrágangur |
| DS Lausnir ehf. | Byggingakranar |
| Armar ehf. | Vinnulyftur |




**Haukar—*félagið mitt!***

# SAGA FRAMKVÆMDA

## Knatthús á Ásvöllum

Á vordögum 2018 var undirrituð viljayfirlýsing milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um byggingu knatthússins og þar var gert ráð fyrir að á árunum 2018–2021 yrði unnið að byggingu þess á Ásvöllum. Var viljayfirlýsingin formlega staðfest af bæjarstjóra, Haraldi L. Haraldssyni, og framkvæmdastjóra Hauka, Magnúsi Gunnarssyni, þann 14. maí 2018. Frumkvæði að þessari viljayfirlýsingu kom frá Knattspyrnufélaginu Haukum, en þar lýstu Haukar sig reiðubúna til að afhenda lóðarskika undir 80–100 íbúðir á miðsvæði Hauka, gegnt Ásvallarlaug til að auðvelda fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á byggingu fullkomins knatthúss.

## Starfshópur um knatthús skipaður

Bæjarráð skipaði síðan starfshóp um verkefnið og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn þann 11. september 2018. Starfshópurinn hélt fjölmarga fundi og leitaði fanga um hönnun og gerð knatthúsa, fór í vettvangsferðir og aflaði upplýsinga um væntanlega fólksfjölgun á nærsvæðum, en mikil uppbygging á sér nú stað í Skarðshlíð og í Hamranesi. Í framhaldi þeirrar vinnu var unnið að húsrýmisáætlun knattspyrnuhúss með Helga Má Halldórssyni og Andra Klausen frá ASK arkitektum. Þá var unnið að staðsetningu knatthússins með Pétri Jónssyni frá Landark. Undirbúningshópurinn skilaði skýrslu til bæjarráðs 21. nóvember 2019 og var þar gert ráð fyrir að byggt yrði knatthús í fullri stærð, 120 metrar að lengd og 82,5 metra breitt með aðstöðu fyrir um 800 áhorfendur. Húsið yrði upphitað og tengibygging sem byggð yrði við enda knatthússins, um 800 fermetrar að stærð og yrði þjónustuhús með aðkomuaðstöðu, búningsaðstöðu, áhaldageymslu og annarri stoðþjónustu tengdri starfseminni. Knatthúsið skyldi rísa á grasæfingasvæði félagsins norðaustan Íþróttamiðstöðvar og þjónustubygging knatthússins mun liggja að núverandi keppnisvelli félagsins.

## Bæjarráð skipar framkvæmdanefnd um byggingu knatthúss

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar 2020 samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um framkvæmdina og vitnað er þar í gerð nýs deiliskipulags á svæðinu. Í hinu nýja deiliskipulagi er skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð, þar sem gert er ráð fyrir 100 til 110 íbúðum. Hæð húsa verði 2–5 hæðir. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði fjölnota knatthús nyrst á lóðinni. Stærð knatthússins verði 9.900 m² og hæð verði 25 metrar yfir miðju vallar, en 12 metrar í hliðum. Gert er ráð fyrir 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

## Deiliskipulag Haukasvæðis staðfest en framkvæmd við knatthús háð mati á umhverfisáhrifum

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs þann 20. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Haukasvæðisins á ný og staðfesti bæjarstjórn samþykkt ráðsins á fundi sínum þann 28. apríl 2021. Uppfærð umhverfisskýrsla var auglýst samhliða auglýsingum um breytt deiliskipulag. Tillagan var auglýst frá 8. maí til 21. júní 2021. Athugasemdir bárust. Lagt var fram svar við athugasemdum. Skipulags- og byggingarráð samþykkti síðan framlagða umsögn vegna athugasemda sem bárust við auglýstu deiliskipulagi, jafnframt er erindinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar staðfesti síðan afgreiðslu Skipulags- og byggingarráðs.

## Hönnun knatthúss á Ásvöllum

Hönnun knatthússins var boðin út á vordögum og tilboð í hönnun hússins voru opnuð þann 12. maí 2021 og tilkynning um val tilboðs þann 19. maí 2021 og tilkynning um töku tilboðs þann 26. maí 2021. Sjö arkitektastofur tóku þátt



í tilboðinu og var gengið til samninga við ASK arkitekta ehf. um að taka að sér fullnaðarhönnun knatthússins. Tilboðsfjárhæð ASK arkitekta ehf. var kr. 99.571.001. – eða 51,06% af kostnaðaráætlun. Hönnunarhópur ASK arkitekta er auk þeirra frá Hnit, Öryggi, Raftákni og Landform. Á fundi sem haldinn var þann 24. júní 2021 var staðfest að tilboði ASK arkiteka væri tekið og að Strendingur ehf. yrði með hönnunarumsjón með verkinu. Þá lagði Sigurður Haraldsson, hjá Hafnarfjarðarbæ, fram skýrslu frá VSÓ ráðgjöf með tillögum um viðbrögð við fyrirspurnum sem lágu fyrir vegna breytts deiliskipulags.

## Framkvæmdasamningur vegna knatthúss á Ásvöllum og eftirgjöf lóðar til byggingar íbúða á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum

Þann 17. desember 2021 undirrituðu Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, og Magnús Gunnarsson, formaður Knattspyrnufélagsins Hauka, framkvæmdasamning vegna byggingar knatthúss á Ásvöllum og eftirgjöf lóðar til byggingar íbúða á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum sem er svohljóðandi: Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar gera hér með sér framkvæmdasamning um byggingu knatthúss á Ásvöllum. Þegar liggur fyrir samningur um hönnun knatthússins og er áætlað að fullnaðarhönnun verði lokið í apríl 2022. Samhliða hönnun knatthússins er unnið að mati á umhverfisáhrifum knatthússins og er gert ráð fyrir að það mat liggi fyrir eigi síðar en á vordögum 2022. Þegar heildarhönnun knatthússins liggur fyrir, sem og mat á umhverfisáhrifum þess, verður bygging knatthússins boðin út. Samhliða undirritun framkvæmdasamnings um byggingu knatthúss, sem hér er getið í fyrri málsgrein, skal Knattspyrnufélagið Haukar afhenda Hafnarfjarðarbæ lóðarskika til uppbyggingar á 100–110 íbúðum, sem þegar er skilgreindur í samþykktu deiliskipulagi vegna Ásvalla 1. Nánar tiltekið er um að ræða lóðina Ásvelli 3, F2517747 L229960, sem er óbyggð lóð og varð til úr lóðinni Ásvellir 1, F2073478, 129991. Hafnarfjarðarbær samþykkir að nefnd byggingarlóð verði boðin út í heild sinni til hæstbjóðanda og leitast verði við að hraða sem mest uppbyggingu á reitnum til að valda sem minnstu raski á íþróttasvæði Knattspyrnufélagsins Hauka. Aðilar eru sammála um að með þessari eftirgjöf lóðar til Hafnarfjarðarbæjar skapist aukið svigrúm til að hraða byggingu knatthússins. Skal þar m.a. horft til tekna af sölu áðurgreindrar lóðar.

## Matsáætlun, uppbygging á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum

Í lok árs 2021 bárust umsagnir frá sjö stofnunum og þrjú erindi bárust frá íbúum í nágrenninu við matsáætlun: VSÓ ráðgjöf sem vann matsáætlunina fyrir Hafnarfjarðarbæ lagði fram viðbrögð við umsögnum og athugasemdum ofangreindra aðila og sendi síðan til Skipulagsstofnunar í byrjun febrúar 2022.

## Bygging knatthússins boðin út

Þann 25. ágúst 2022 voru opnuð tilboð í byggingu knatthússins. Eftirtalin tilboð bárust:

| | |
|---|---|
| Íslenskir aðalverktakar hf. | kr. 3.399.107.883.- |
| Stálgrindarhús ehf. í samstarfi við SG BYGG | kr. 3.437.525.677.- |
| GG Verk ehf. | kr. 3.889.484.141.- |
| K16 ehf. | kr. 3.780.721.218.- |
| Flotgólf ehf. | kr. 4.704.220.717.- |

Kostnaðaráætlun hönnuða var kr. 3.091.222.162.– 10% lægri en lægsta tilboð.

## Gengið til samninga við lægstbjóðanda

Þann 29. nóvember 2022 var undirritaður verksamningur um byggingu knatthússins við lægstbjóðanda í byggingu knatthússins, Íslenska aðalverktaka hf. Mikill gleðidagur að loks hafi verkið verið formgert með undirritun samninga við öflugt fyrirtæki sem tekur að sér að byggja þetta mikla mannvirki. Gert er ráð fyrir að knatthúsið verði tekið í notkun í lok árs 2024. Í upphafi ársins 2022 undirrituðu Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar framkvæmdasamning um byggingu hússins á Ásvöllum, en samhliða afhenti félagið óbyggða lóð til Hafnarfjarðarbæjar undir uppbygginguá 100–110 íbúðum. Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ sagði m.a. „Með þessari eftirgjöf skapaðist aukið svigrúm til að hraða uppbyggingu knatthússins," segir í tilkynningu. Þess má geta að Hafnarfjarðarbær seldi umræddan lóðarskika til Byggingafélags Gunnars og Gylfa hf. fyrir 1.272 milljónir króna.

## Knatthús á Ásvöllum, framkvæmdir

Óhætt er að segja að undirbúningur að byggingu knatthúss Hauka að Ásvöllum hafi haft nokkuð langan aðdraganda. Skipulagsstofnun kvað á um að knatthúsið skyldi fara í mat á umhverfisáhrifum, m.a. með vísan til nálægðar friðlands og Ástjarnar sem tafði nokkuð framgang verkefnisins.

## Knatthús og grasvöllur gjörbreytir allri aðstöðu hjá félaginu

Ljóst er að bygging knattspyrnuhúss á Ásvöllum er stórt og mikilvægt skref í innviðauppbyggingu fyrir íbúa nærsvæða Ásvalla, en íbúum svæðisins fer sífellt fjölgandi. Að skapa góða aðstöðu til félags – og íþróttaiðkunar er án efa góð leið til að efla og styrkja börn og unglinga til að taka þátt í margbreytileika hins daglegs lífs.

## Þakkir til bæjarfulltrúa, stjórnenda og starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar

Allt sem hér er upp talið varðandi framkvæmdir á Ásvöllum hefur verið unnið í góðu samstarfi og samvinnu við bæjaryfirvöld. Þar hefur framsýni og vilji til góðra verka verið einkennandi sem birtist í frábærri aðstöðu hér á Ásvöllum. Það er ekki sjálfgefið að bæjarfulltrúar, stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar, rói í sömu átt varðandi uppbygginguíþróttamannvirkja. Samstarf starfsfólks Hauka, stjórnenda og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum. Haukar vilja því af einlægni þakka fyrir afar ánægjuleg samskipti.

**Haukar—*félagið mitt!***

# DEILISKIPULAG 2021/2010/2004




2021



2010



2004

Haukar—*félagið mitt!*

# ATRIÐI ÚR HÖNNUNARFERLI

## Friðland og fólkvangsmörk Ástjarnar

Ástjörn er u.þ.b. 4,71 ha að stærð. Bakkar tjarnarinnar eru raklendir og að norðaustanverðu er stórt mýrarstykki niður undan gamla Ásbænum en mýrlendið við tjörnina er samtals 8,46 ha að stærð (Gunnar Ólafsson og Guðríður Þorvarðardóttir, 1998). Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013–2025 er sagt um svæðið að tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi og í henni er mikið smádýralíf. Ástjörn er afar vinsælt svæði til útivistar. Sérstök vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Töluverður hluti Hafnarfjarðar er staðsettur á eldhrauni, þ.e. hraun sem hefur runnið á nútíma, og á það við um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Íþróttasvæði Hauka liggur að friðlands- og fólkvangsmörkum Ástjarnar. Verndun svæðisins felst að stórum hluta í fjölbreyttu lífríki á svæðinu, bæði gróður og dýralíf, og einnig vegna nálægðar tjarnarinnar við þéttbýli á landinu suðvestanverðu, þar sem fólk getur auðveldlega komist í snertingu við óspillta náttúru. Um tjörnina gilda m.a. þær reglur að mannvirkjagerð og jarðrask er bannað innan svæðisins án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu. Á varptíma (1. maí–15. júlí) er umferð um svæðið óheimil. Á varptíma er verktaka óheimilt að viðhafa hávaðasamar aðgerðir, svo sem fleygun klappar. Við undirbúning framkvæmdar var mikil áhersla lögð á að jarðrask vegna byggingar knatthússins fari ekki niður fyrir hæstu grunnvatnsstöðu Ástjarnar til að tryggja að rask hafi ekki áhrif á vatnabúskap tjarnarinnar og votlendisins þar í kring. Jarðboranir á svæðinu sýna fram á að undirliggjandi klöpp er allþétt og er um 9m þykk, undir meters þykki lagi af lausu efni. Undirstöður spyrnuveggja knatthússins á Ásvöllum munu að meðaltali ná 1,1m niður í hraunklöppina. Einungis verður heimilt að fleyga fyrir undirstöðum til að tryggja framkvæmdir auki ekki lekt undirliggjandi klappar.

## Verkefnavefur

Notaður verður verkefnavefur í þessu verkefni. Umsjón með verkefnavefnum verður í höndum umsjónarmanns á vegum verkkaupa. Verktaki hefur hins vegar ákveðnar skyldur varðandi innsetningu gagna og greiðist ekki sérstaklega fyrir þá vinnu. Öll hönnunargögn, svo sem verklýsingar og teikningar verða afhentar í gegnum verkefnaveg. Allar breytingar á hönnun sem gerðar verða á verkinu á framkvæmdatíma verða sendar verktaka í gegnum verkefnavefinn en verkkaupi ber kostnað af prentun þeirra gagna sbr. kafla 3.4 í ÍST30:2012. Í tilboði bjóðanda skal vera innifalið endurgjald fyrir móttöku, meðhöndlun og rýni nýrra og breyttra uppdrátta og lýsinga. Gögn eru vistuð á verkefnavef og tilkynning send móttakanda gagnanna, sem skal staðfest móttöku þeirra.

## Hönnun í BIM

Húsið er hannað í þrívíddarforritinu REVIT og hönnunargögn vistuð í verkefnavefnum ACC docs sem stýrt var af ASK-arkitektum. Allar teikningar og módel voru afhent í verkefnavefnum ACC. Miklar kröfur vorur gerðar til hönnunar og framkvæmdar vegna umhverfisins. Hér má sjá nokkrar þrívíddarmyndir af húsinu og smá texta úr útboðsgögnum.









**Haukar—*félagið mitt!***

# NOKKRAR TEIKNINGAR










**Haukar—*félagið mitt!***

# MYNDIR FRÁ FRAMKVÆMDUM



**Haukar—*félagið mitt!***

# MYNDIR FRÁ FRAMKVÆMDUM



**Haukar—*félagið mitt!***

# TÖLVUMYNDIR












**Haukar—*félagið mitt!***

# VERKEFNISSTJÓRNUN VERKTAKA
























Haukar—*félagið mitt!*

# MYNDIR FRÁ FRAMKVÆMDUM























**Haukar—*félagið mitt!***

# NOKKRAR TEIKNINGAR















Haukar—*félagið mitt!*

# MYNDIR FRÁ FRAMKVÆMDUM



Haukar—*félagið mitt!*


Áfram Haukar!